

Hanna Katrín Friðriksson
atvinnuvegaráðherra

14. júlí 2025

Efni: Mat LS á stöðu strandveiða og tillögur um
hvernig tryggja skuli veiðar til loka ágúst.

Það eru LS gríðarleg vonbrigði að frumvarp yðar um strandveiðar hafi ekki orðið að lögum. Frumvarpið sýndi og sannaði staðfestu yðar og ríkisstjórnarinnar um að tryggja strandveiðar í 48 daga, 12 daga í hverjum strandveiðimánuði. Ákvæði Fiskistofu, um stöðvun veiða þegar útgefnum afla yrði náð, væri felld úr gildi.

Þátttaka í strandveiðum í sumar hefur slegið öll fyrri met og aflabrögð með miklum ágætum. Að loknum 37. degi strandveiða 10. júlí var búið að veiða 9.986 tonn af þorski í alls 15.573 veiðiferðum, þannig að afli að meðaltali situr í 641 Kg. Bak við þessar tölur eru 794 bátar.

Borið saman við síðasta ár var aflinn 1.100 tonnum meiri þrátt fyrir að 38 færri bátar hafi þá verið á strandveiðum.

Taflan sýnir meðaltal þorskafla í kílóum talið í hverri veiðiferð skipt eftir veiðisvæðum.

Svæði	2024	2025	2024-2025
A	703	683	-2,9%
B	667	668	0,2%
C	692	659	-4,7%
D	656	520	-20,7%
Meðaltal	686	641	-6,6%

Eins og fram kom á fundi LS með yður 8. júlí sl. leggur félagið áherslu á að allar veiðiheimildir hvers fiskveiðiárs verði nýttar með veiðum. Það telur LS að ekki takist á yfirstandandi fiskveiðiári. Engum þarf því að vera órótt þó bætt verði við viðmiðunarafla til strandveiða svo tryggja megi 48 daga – jafnræði milli landshluta með veiðum til loka ágúst.

Taflan sýnir stöðu þorskveiða

Þorskafla ósl - fiskveiðiárin 2023/2024 og 2024/2025 staðan 10. júlí hvers árs

Fiskveiðiár	Útgefinn heildaraflí	Færsla milli ára	Byggðakvótar	VS-aflí, undirmát og rannsóknarkvóti	Heimildir alls	Aflí	Hlutfall	Óveitt
2023-2024	209.192 Tonn	-1.594 Tonn	5.302 Tonn	7.036 Tonn	219.936 Tonn	203.191 Tonn	92,4%	16.745 Tonn
2024-2025	211.137 Tonn	632 Tonn	5.351 Tonn	6.619 Tonn	223.739 Tonn	203.304 Tonn	90,9%	20.435 Tonn

Til viðbótar þessu vekur LS athygli á að þó vilyrði nú til Byggðakvóta hafi verið gefin til nýtingar á 4.914 tonnum er úthlutun aðeins 1.355 tonn. Ætla má að óslægður þorskur sé þar alls 3.200 tonn. Þá eru ótaldar heimildir Byggðastofnunar.

Eins og fram kom í upphafi þessa bréfs hefur ekkert annað legið fyrir varðandi strandveiðar á yfirstandandi ári annað en tryggðir yrðu 48 dagar til þeirra. Allt skipulag hjá þeim 794 útgerðum hefur tekið mið af því. Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með breyttri sókn, ekki verið að sperra sig við að ná fjórða deginum í vikunni þegar þeytan er farin að segja til sín eða útlit sé fyrir aðgæsluveður. Sóknin öll mun rólegri heldur en þegar fyrirsjáanlegt var að veiðar yrðu stöðvaðar um miðjan júlí.

Það er von Landssambands smábátæigenda að þér tryggið veiðiheimildir til strandveiða til loka ágúst og komir þannig í veg fyrir að ákvæði Fiskistofu fái virkni.

Virðingarfyllt



framkvæmdastjóri